

Fundur 16.10.2023 Gunnar Hjörvar, gamall félagi.

Komið þið nú sælir félagar.

*Komdu sæll og velkominn.*

Já.

*Blessaður og sæll.*

Ég finn að það er góð orka hjá ykkur í kvöld og ekki verri orka en meðan ég var meðal ykkar og full ástæða fyrir bjartsýni og vil ég hrósa ykkur fyrir að tengja sambandið og hér eru ættingjar margra ykkar og senda ykkur hlýja strauma og kveðjur og hafa böndin ekki rofnað og eru enn sterkar taugar til ykkar og enn langar mig að segja örlítið frá ævi minni á framlífsjörð.

Og gleður það mig ævinlega að komast í sambandið við ykkur, það er einhver örlítill truflun en við erum öll að koma til og er hér öflugur í framlífi, mjög öflugur og líkamlega og andlega hress og finn ekki fyrir neinum þeim kvillum eða hrumleika sem var farið að hrjá mig hin síðari ár á jörðinni gömlu og er ég svo stórkostlega ánægður yfir því að allt gekk þetta nú eftir sem ég hafði lesið mér til um í ykkar hópi og meira til.

Fannst mér sífellt er ég hingað kom eins og ég hafi aðeins lesið mér til um grunn atriðin þar sem forvitni mín til að vita meira, alls kyns hliðargreinar sem snerta fræði dr. Helga Pjeturss en var ég þó svo ánægður yfir því að ég hafi tekið rétta stefnu í lífinu.

Og það hafa verið fjölmörg samtölin sem ég hef hér átt við kunningja og vini úr kristilegum samtökum KFUM og KFUK og gamla borgarbúa og Íslendinga sem ekki lögðu fullan trúnað á kenningar dr. Helga Pjeturss en viðurkenndu að hafa haft rangt fyrir sér.

Sérstaklega hefur það verið ánægjulegt að tala við kirkjunnar fólk sem taldi mig hafa verið að bulla og segja vitleysu þegar ég lýsti kenningum dr. Helga Pjeturss, en hefur orðið að éta það ofan í sig og viðurkenna mistök sín.

Og hafa þeir nú margir orðað það þannig að kenningar dr. Helga Pjeturss bæti við kenningar Krists og geri það allt miklu rökvislegra.

Og vilja þeir halda því fram að ef Kristur hefði lifað lengur hefði hann reynt að útskýra þetta betur, en eru þó margir sem efast um það.

Já hér hef ég verið öflugur og komið fram með og loksins haft kjark og fulla starfskrafta til að ljúka þeim verkefnum sem mig dreymdi um að klára á gömlu jörðinni ykkar og okkar sem ég var á, framlífsjörð og kom ég út tveimur bókum og er ég svo ánægður yfir því,

*Þá er þetta Gunnar.*

Gunnar, já Gunnar Hjörvar, komið þið blessaðir og sælir.

*Blessaður, þú ert nú bara öflugur.*

Já þakka þér fyrir, ég er orðinn svo ungur og hávaxinn og held öllum hárum enn þá.

*Já ekkert farið,*

Já ha ha ha ha.

*Já það er gott, gott að þú ert ánægður.*

Ég ætlaði að segja eitthvað hér áðan, ég er svo ánægður yfir því að fækkað hefur í, af þeim sem komu hingað frá Jahve liðinu aftur og mætti ég þar gagnrýni fyrir bækur mínar og að halda því fram að Íslendingar væru forystuþjóð og Íslenskan væri Guða tungumálið.

En er ég nú aftur farin að fá, margir sammála þessu og gengur vel, já ég hef skrifað um þetta og til eru á þessum hnetti mörg önnur rit og höfundar sem hafa um þetta fjallað, Íslenskan er Guða tungumálið og Íslendingar eru forystuþjóð.

Já ég er, það eru hér margir hópar Nýalssinna, sumir sem leggja áhersluna á orkuna, en aðrir sem leggja áherslu á samböndin við Guðina eða fræðsluna, fræðsluna um alheiminn og stjörnurnar og samböndin á milli mannkynjanna og hnattanna.

Og ég hef haft nokkur kynni af þeim mörgum, mörgum slíkum, en við komum til sambands fundanna til að hressast og eflast og hlusta á fjarsambönd af ýmsu tagi.

Hef ég nú farið mér hægt í félagslegum samskiptum við konur, en er nú farið að rofa til í þeim málum.

*Til lukku með það.*

Er það nú samt ekki orðið, ég segi ykkur betur frá því síðar, en faðir minn vinnur hér í stjórnusambandsstöðinni og hefur hann haft atkvæðisrétt og þurfti gamli biskupinn að víkja, þar sem ljóst var að þeir reyndu að koma á of kristilegum samböndum, en höldum þó góðu sambandi við hann, en en,

*Mér datt einmitt í hug að honum hefði verið hent út.*

Já höfum líka haft fregnir af hinum gamla biskupinum, ekki eru þar góðar sögur,

*Er það Ólafur?*

Já, hafa þeir byggt þar stærri höll og þegar ekki nógu vel staddir, mætti biðja fyrir því einnig.

Já ég, margt stórkostlegt hér á framlífsjörð, já ég var um tíma eitthvað tengdur kirkjunni, já það er gott að rifja það upp þegar maður hittir hér kunningja og vini og nota sér þá lífsreynslu.

Já Nýalsstefnan er gott veganesti og hvet ég ykkur til þess að segja ykkar vinum og kunningjum frá þessu jafnvel þó að því sé misjafnlega tekið.

Hef ég tekið eftir því að margir af því sem fussuðu og sveiuðu yfir þessu, eru mér þakklátir fyrir að hafa minnst á þetta, hér áður fyrr.

*Það er oft litið svo á að maður sé með lausa skrífu í höfðinu.*

Já það getur stundum brotist þannig út, það er nú það, þetta er mjög framandi fyrir marga enn þá, en sumir sem taka þessu þó nokkuð vel, hjá ykkur vonandi.

Og höfum við hér hlustað á vísinda erindi um Carl Sagan og fleiri sem hafa talað frá sínum heima hnetti í sambandinu okkar, komu fram á okkar stöð og hafa lýst því hvernig reynt er að stilla vísindamenn ykkar jarðar til sambands við þessi sannindi svo framfarir verði meiri og er það allt mjög ánægjulegt og vekur vonir um að reynt sé að koma ykkur sem mest inn á lífsstefnubrautina.

Já hún er hér búin að ná fullum styrk og sendir kveðjur, Þorsteinn er það ekki? Sveinsson.

*Jú, já þakka þér fyrir.*

Já, og vonandi að hún komist í sambandið við tækifæri, þú mannst eftir mér er það ekki?

*Ég man eftir þér.*

Já,

*Jú, jú, hér á árum áður já já.*

*Og ég er mjög hrifin af því sem þú ert að gera, þetta er mjög líkt því sem ég læt stundum.*

Jaá jaá.

*Út á við sko.*

Já já, það kannski hvetur að heyra í mér.

*Já það gerir það.*

Þú sérð, þú kannski og skynjar til mín að ég sé orðinn ungur og hress, er það ekki?

*Ég skynja það að þú sért öflugur.*

Já þakka þér fyrir.

*Já ég skynja það.*

Já já, já ég er bara ánægður með mitt hlutskipti, en ef það skildi nú vera eitthvað samband í viðbót þá ætla ég nú ekki að hafa þetta lengra og ég þakka ykkur kærlega fyrir og vonandi að ég komi bara fljótlega aftur, þetta var ánægjulegt, verið þið sælir.

*Já, vertu sæll og velkominn aftur.*

*Vertu blessaður Gunnar, gaman að heyra í þér.*